

Fundargerð íþróttaráðs 10.október 2024

Sæll Gunnar

Á fundi bæjarráðs í síðustu viku gerði fulltrúi minnihlutans athugasemd við fundargerð íþróttaráðs og hafði efasemir um, að lestri fundargerðar að dæmar, að um eiginlegan fund sem fulltrúar eiga rétt á greiðslu fyrir, hafi verið að ræða. Afgreiðslu fundargerðarinnar var því frestað.

Ég sendi hér umsögn frá 2021 frá lögfræðideild sem forsætisnefnd sendi til allra nefnda og ráða í lok árs 2021 og bið þig um að upplýsa mig um hvort fundurinn sem haldinn var þann 10. október sl. uppfylli þau skilyrði sem þarna eru tiltekin að verði að vera fyrir hendi svo að fundur teljist lögmætur

Bestu kveðjur.

Ása Arnfríður Kristjánsdóttir

Bæjarlögmaður | Lögfræðideild

Stjórnsýslusvið | asa.arnfridur.kristjansdottir@kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

Digranesvegur 1 | IS-200 | Sími 4410000



Sæl Ása.

Já, ég get staðfest að fundurinn uppfylli þessi skilyrði:

1. Fundurinn var boðaður með löglegum hætti
2. Málefnaleg dagskrá var lögð fram. Heimsókn í Kórinn til HK þar sem húsnæði félagsins var skoðað og HK kynnti fyrir ráðinu starfsemi félagsins. Í framhaldi voru umræður.
3. Fundargerð var rituð af fundinum þar sem öll atriði sem þurfa að koma fram gera það. Nöfn viðstaddra koma fram, dagskrármál (Heimsóknir til íþróttafélaga – HK heimsótt í Kórinn) 1 mál. Afgreiðsla: Íþróttaráð þakkar HK góða kynningu.

Ef óskað er eftir því get ég fengið kynningu HK senda til að leggja fram.

Bestu kveðjur.

Gunnar Guðmundsson

Deildarstjóri íþróttadeildar | Íþróttadeild

Menntasvið | gunnarg@kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

Digranesvegur 1

| 200 Kópavogur

| Sími 4410000

